

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 8/2024

Fundarstaður: Engey, Eiríksstöðum og Teams

Fundartími: 22. maí 2024, kl. 14:30

Viðstödd:

Aðalmenn

Hlíf Steingrimsdóttir, Eva Ágústsdóttir (varamaður PSG), Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal og Guðrún I Gylfadóttir (varamaður AJ)

Varamaður

Sif Sumarliðadóttir

Starfsmenn

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Agnes Smáradóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Guðríður K Þórðardóttir, Gylfi Óskarsson, Pétur S Gunnarsson, Ragnar Grímur Bjarnason, Signý Vala Sveinsdóttir og Örvar Gunnarsson

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 7/2024

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Um fjöllum ekki birt

4) Umsagnir um greiðsluþátttöku

Pembrolizumab (Keytruda) – ný ábending

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðsluþátttöku í nýrri ábendingu fyrir lyfið pembrolizumab (Keytruda) sem ásamt krabbameinslyfjameðferð með eða án bevacizumabs er ætlað til meðferðar á leghálskrabbameini sem er viðvarandi (persistent) er endurkomið eða með meinvörpum hjá fullorðnum með æxli sem tjá PD-L1 með CPS \geq 1.

Gert er ráð fyrir að tveir sjúklingar hefji meðferð árlega. Ekki er hægt að leggja lyfið klínískt að jöfnu við önnur lyf á þessari ábendingu og því er um kostnaðarauka að ræða.

Greiðsluþátttaka hefur verið samþykkt í Svíþjóð og í Danmörku en er í vinnslu í Noregi.

Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt

Samþykkt milli funda

Immunoglobulin (Gamunex) – ný líftæknihiðstæða

Immunoglobulin (Xembify) – ný líftæknihiðstæða

Immunoglobulin (Hizentra) – ný líftæknihiðstæða / nýtt lyfjaform

Atezolizumab (Tecentriq) – nýtt lyfjaform

5) Umsagnir um leyfisskyldu

Lyfjastofnun hefur óskað eftir umsögn um leyfisskyldu fyrir eftirfarandi lyf:

Foslevodopa/foskarbidopa (Produodopa) – nýtt lyf

-mælt er með að leyfisskylda verði samþykkt

Elranatamab (Elrefxio) – nýtt lyf

-mælt er með að leyfisskylda verði samþykkt

6) Fjárlagaliður leyfisskyldra lyfja

GIG gerir grein fyrir stöðu fjárlagaliðarins. Á síðasta ári var kostnaður 195 milljónum lægri en fjárheimildir. Áætlun fyrir árið í ár gerir ráð til að kostnaður verði einnig innan heimilda en þá verður að taka tillit til þess að ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna nýrra lyfja og ábendinga.

Nokkur sparnaður hefur náðst í útboðum sem gerð hafa verið í ár.

Nánari kynning verður á fjárlagaliðnum fyrir nýja nefndarmenn verður síðar þegar fleiri eru viðstaddir

7) Önnur mál

Fundi slitið kl. 15:05